

Ed.

346. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1 %.

Af	1000—2000 kr.	greiðist	10 kr.	af	1000 kr.	og	2 %	af afganginum
—	2000—3000	—	30	—	2000	—	4	—
—	3000—4000	—	70	—	3000	—	7	—
—	4000—5000	—	140	—	4000	—	9	—
—	5000—6000	—	230	—	5000	—	11	—
—	6000—7000	—	340	—	6000	—	12	—
—	7000—8000	—	460	—	7000	—	13	—
—	8000—9000	—	590	—	8000	—	15	—
—	9000—10000	—	740	—	9000	—	20	—
—	10000—11000	—	940	—	10000	—	28	—
—	11000—12000	—	1220	—	11000	—	29	—
—	12000—14000	—	1510	—	12000	—	30	—
—	14000—16000	—	2110	—	14000	—	31	—
—	16000—18000	—	2730	—	16000	—	32	—
—	18000—20000	—	3370	—	18000	—	33	—
—	20000—25000	—	4030	—	20000	—	34	—
—	25000—30000	—	5730	—	25000	—	35	—
—	30000—35000	—	7480	—	30000	—	36	—
—	35000—40000	—	9280	—	35000	—	37	—
—	40000—45000	—	11130	—	40000	—	38	—
—	45000—50000	—	13030	—	45000	—	39	—
—	50000 og þar yfir	—	14980	—	50000	—	40	—

2. gr.

Í stað 6. og síðustu málsg. 8. gr. laganna komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., svo og samvinnuútgærðarfélag og hlutarútgærðarfélag mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði er síðar varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkabæra þeirra á beinan eða óbeinan hátt, eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja $\frac{3}{5}$ af þeirri upphæð til skattskyldra tekna á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
- Veitir hluthöfum, stjórnendum félagsins eða öðrum nokkur friðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.

c. Ver fé til einhvers annars, sem er óviðkomandi rekstrinum, t. d. kaupa á eignum, hvers eðlis sem eru, sem ekki geta talizt nauðsynlegar við rekstur félagsins. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis og bæjarfélaga, þar með talin skuldbréf með ríkisábyrgð, svo og eignir, sem félag hefur orðið að taka við í sambandi við reksturinn, án þess um bein eignakaup sé að ræða.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. 9. málsg. þessarar greinar, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið og kaupverð eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a- og c-liðar ekki til þeirrar upphæðar, sem íslensk útgerðarfélag áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febrúar 1940.

3. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:

Fyrir einstakling	kr. 900.00
— hjón	— 1800.00
— hvert barn	— 700.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	— 900.00
— hjón	— 1800.00
— hvert barn	— 600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

4. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 11 nýjar greinar, er verða 55.—65. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við grunn-töluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en $\frac{1}{2}$ sleppt, en $\frac{1}{2}$ eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Þegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvildunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 12000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

- b. (56. gr.) Nú hefur félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., ráðstafað fé á árinu 1940 á þann hátt, sem um getur í a-lið og c-lið 8. gr., og skal þá skattanefnd miða skattgjald þeirra við það, að þær ráðstafanir hafi eigi verið gerðar, enda sanni hlutaðeigandi félag eigi síðar en 15. júlí 1941, að það hafi innheimt lán samkv. a-lið og selt eignir samkv. c-lið, en að öðrum kosti falla þær upphæðir til skattgreiðslu samkv. 9. málgr. 8. gr.
- c. (57. gr.) Við ákvörðun skattskyldra tekna, sem skattur greiðist af árið 1941, skal félögum þeim, er um ræðir í 3. gr. a. og b., heimilt að draga frá tekjum sínum aðeins $\frac{2}{5}$ þeirrar fjárhæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum ársins 1940. Þó er þeim af þessum félögum, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, heimilt að draga frá tekjunum helming þeirrar upphæðar, er þau leggja í varasjóð af tekjum sínum á árinu 1940. Sé um tapsfrádrátt að ræða samkvæmt heimild 64. gr., skal tapið dregið frá tekjunum áður en varasjóðstillagið er ákveðið.
- d. (58. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og b. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, skattvinnunur þeirrar, er um ræðir í 57. gr., og skal þá 40% af því fé, sem það leggur í varasjóð af tekjum ársins 1940, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 59.—62. gr. Félag skal tilkynna, eigi síðar en 14 dögum eftir gildistöku laga þessara, hversu mikið fé það leggur í varasjóð, og ákveðst þá skattgreiðsla þess á árinu 1941 samkv. því. Fyrir 15. júlí 1941 skal félagið sanna fyrir skattanefnd, að áskilinn hluti af varasjóðstillaginu hafi verið lagður í nýbyggingarsjóð, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, sem til vantar.
- Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en $\frac{3}{5}$ hlutar vera innstæða á biðreikningi í sterlingspundum, sbr. bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, útg. 2% 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 61. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt, vegna þess að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.
- e. (59. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 61. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.
- Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskytt.
- f. (60. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvili engar kvaðir.
- g. (61. gr.) Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu Landsambands íslenzkra útvegsmanna, annan eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa yfirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs.
- Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bástur þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrir-

tæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári. Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 59. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til rikisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar rikisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

- h. (62. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrir-mælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.
- i. (63. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðal-atvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum 40% af því fé, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum árið 1940, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldenda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.
- j. (64. gr.) Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939.

Ívilnun þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum og takmörkunum:

- a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð, og sé miðað við rekstrarhalla samkvæmt rekstrarreikningum, enda skal taka með útgjöldum fyrningu á eignum samkvæmt reglugerð um það efni, þó þannig, að togarar séu ekki færðir lengra niður en í kr. 150000.00, miðað við 31. des. 1939, og önnur skip hlutfallslega eftir því. Hafi orðið gróði á rekstri útgerðarfyrirtækjanna einstök ár á fyrrgreindu tímabili, skal hann dragast frá tapinu.
- b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, eða hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum, umfram verðlagsuppbætur, eða auknum hlunnindum. Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
- c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefur verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera eða á annan hátt, kemur framangreind ívilnun ekki til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.
- d. Að tekjum þeim, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, sé eigi varið til annars en greiðslu á skuldum hlutaðeigandi fyrirtækis, þar til þær eru að fullu greiddar.
- e. Að tekjur þær, sem undanþegnar eru skattgreiðslu vegna tapsfrádráttar, teljist til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, að svo miklu leyti, sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til þess að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskýlt.
- k. (65. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er um ræðir í IV. kafla, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatts 1941.

Heimilt er að greiða skattanefndum á árinu 1941 allt að helmingi hærri þóknun en um ræðir í 30. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 12. febr. 1940, um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja, og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.